

**Sp. 261. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]**  
um brúargerð á Kúðafljót.

Flm.: Siggeir Björnsson, Egill Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hraðað verði undirbúningi að brúargerð á Kúðafljót þannig að framkvæmdir geti hafist árið 1984.

**G r e i n a r g e r ð .**

Pegar hringvegurinn um Skeiðarársand og aðrar framkvæmdir í sambandi við hann voru gerðar vannst ekki tími til þess að ljúka lagfæringum á slæmum köflum á Austurlands- og Suðurlandsvegi á þeim stutta tíma sem var til þjóðhátíðarárs, en þá var ákveðið að vegurinn yrði opnaður. Þeir vegarkafar, sem nauðsyn bar til að endurbæta um leið, eða sem fyrst, vegna aukinnar umferðar, en voru látnir bíða, voru vegirnir um Hvalnesskriður og um Breiðamerkursand og ný brú á Kúðafljót í Vestur-Skaftafellssýslu og vegarkafli í sambandi við hana. Nú hefur verið lokið við tvö fyrrnefndu verkefni. En brú á Kúðafljót hefur ekki verið gerð enn. Nauðsyn ber til að brúa Kúðafljót sem fyrst. Samhliða brúargerð á söndunum í Skaftafellssýslum hafa verið gerðar fyrirhleðslur sem hafa reynst mikilvæg vörn gegn landbroti. Svo yrði einnig við Kúðafljót. Er því nauðsynlegt að það viðfangsefni verði metið í heild samhliða undirbúningi og framkvæmd við brúargerðina. Um þessa leið, landveginn, fara nú fram miklir þungaflutningar til Austurlands, sem af augljósum ástæðum vegna opunar hringvegarins hafa aukist stórlega á síðari árum.

Vegurinn um Skaftártungu er erfiður, einkum að vetrarlagi. Þá má á það benda, að brúin á Eldvatni hjá Ásum er byggð á fremur ótraustri undirstöðu að austan þar sem vatnið liggur á hrauninu. Þá gerast nú Skaftárhlaup æ tíðari, og ef brúin á Eldvatni laskaðist verulega mætti búast við allangri samgönguteppu.

Til þess að hraða þessu brýna hagsmuna- og öryggismáli Skaftfellinga og Austurlands er þessi tillaga fram borin.